



2. stjórnarfundur LH

Haldinn 4. nóvember 2016 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal kl. 17:00

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson, Andrea M. Þorvaldsdóttir, Helga B. Helgadóttir og Ólafur Þórisson úr aðalstjórn og Magnús Benediktsson, Rúnar Bragason, Sóley Margeirsdóttir úr varastjórn. Jóna Dís Bragadóttir kom í lok fundar.

Fjarverandi: Eyþór Jón Gíslason, Haukur Baldvinsson, Ingimar Ingimarsson, og Stefán G. Ármannsson.

1. **Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með orðalagsbreytingum.

2. **Uppskeruhátíðin**

Undirbúningur gengur vel og lítur út fyrir svipaða aðsókn og á síðasta ári. Skoða á næsta ári að hafa hátíðina ekki á sömu helgi og Airwaves eða öðrum stórviðburði. Hanna þarf módel fyrir val á þeim knöpum sem verðlaunaðir eru ár hvert. Skipa nefnd til undirbúnings hátíðarinnar.

3. **Viðburðardagatal LH**

Viðburðir LH verða settir á heimasíðu LH eftir helgina. Skrifstofa kallar eftir dagsetningum viðburða félaganna. Mótaðar verða heilsteyptar vinnureglur um dagatalið á vinnufundinum.

4. **Nefndir LH**

Í vinnslu að heyra í nefndarformönnum um áframhaldandi setu nefndarmanna.

5. **Vinnuhelgi undirbúningur**

Fyrirhugað að fara 25. og 26. nóvember í Stykkishólm. Verið að undirbúa dagskrá, m.a. gjaldkeri kynnir rekstur LH.

6. **Reiðvegafjármögnun, næstu skref**

Nauðsyn er að setja aukið fjármagn í reiðvegagerð og þarf að kalla alla hagsmunaaðila að borðinu. Finna þarf leiðir til að auka samstarfi milli hagsmunaaðila.

7. **Yfirlýsing um tóbaksnotkun**

Skrifstofa mun kanna hjá ÍSÍ hvort til séu spjöld þar sem segir að í Íþróttahúsum sé tóbaksnotkun og munntóbaksnotkun sé bönnuð.

8. **Styrkjamálið LH**

Skoða þarf hvernig styrktarmálum LH er best fyrirkomið. Tekið fyrir á vinnufundi.

Fundi slitið kl. 19.00

Fundargerð ritaði Helga Björg Helgadóttir